

Iceland Seafood International hf: Afkoma fyrstu 9 mánuði 2019

Jákvæð rekstrarniðurstaða á fyrstu níu mánuðum 2019, „normalised PBT“ nam €7,6m á tímabilinu, sem var €4,0m hækkun frá sama tíma í fyrra og €0,3m hækkun sé miðað við proforma tölur 2018

- Tekjur fyrstu 9 mánuðina námu €332,2m, hækkuðu um 43,2% frá sama tímabili í fyrra og um 4.9% sé miðað við proforma tölur (proforma tölur fyrir 2018 innihalda 9 mánaða rekstur Oceanpath og Solo Seafood sem komu inn í samstæðu Iceland Seafood í mars og september 2018)
- Hrein framlegð fyrstu 9 mánuðina nam €29,8m, €11,5m hærrí en á sama tíma í fyrra en €0,5m lægri en 2018 9 mánaða proforma
- „Normalised PBT“ nam €7,6m á fyrstu 9 mánuðum ársins, samanborið við €3,6m á sama tíma í fyrra og €7,3m sé miðað við 2018 proforma
- Minna framboð af þorski frá Íslandi á þriðja ársfjórðungi á þessu ári miðað við sama tíma í fyrra hafði neikvæð áhrif á tekjur og hagnað samstæðunnar á ársfjórðungnum
- Grunn hagnaður á hlut á fyrstu 9 mánuðum 2019 nam €0,1833 sentum á hverja þúsund hluti, samanborið við €0,1765 sent á hverja þúsund hluti á sama tíma 2018. Á normalised grunni var nam hagnaður á hlut á fyrstu 9 mánuðum 2019 €0,2605 sentum á hverja þúsund hluti, samanborið við €0,2167 sent á hverja þúsund hluti á sama tíma 2018
- Eiginfjárlutfall var 31,9% í lok tímabilsins, hækkaði upp í 39,5% eftir hlutfjárukningu í október 2019
- Afkomuspá ársins er óbreytt, þar sem gert er ráð fyrir „normalised PBT“ á bilinu €11,0-11,8m
- Félagið var skráð á aðallista Nasdaq þann 29 október
- Kaupsamningur um kaup á öllu hlutfé Elba á Spáni var undirritaður í nóvember

Rekstrarniðurstaða tímabilsins

Rekstur samstæðu gekk vel á fyrstu 9 mánuðum ársins, þar sem tekjur jukust um 43% frá sama tíma og í fyrra eða um 5% sé miðað við 9 mánaða proforma tölur 2018. „Normalised PBT“ á tímabilinu nam €7,6m samanborið við €3,6m á fyrstu 9 mánuðum 2018. Sé miðað við 9 mánaða proforma 2018, jókst „normalised PBT“ um €0,3m á milli ára. Minna framboð af þorski frá Íslandi auk verðlækkana á Argentískri rækju höfðu neikvæð áhrif á rekstur þriðja ársfjórðungs. Tekjur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi voru 2,7% lægri en á sama ársfjórðungi í fyrra, sé miðað við proforma 2018 tölur. „Normalised PBT“ nam €2,1m á þriðja ársfjórðungi 2019 samanborið við €1,4m á þriðja ársfjórðungi 2018, á proforma grunni var „normalised PBT“ €2,7m á þriðja ársfjórðungi 2018.

Bjarni Ármannsson, CEO

„Í heildina litið var rekstrarniðurstaða fyrstu 9 mánuðina jákvæð, þar sem samstæðan sýnir góðan vöxt í bæði tekjum og hagnaði, þrátt fyrir áskoranir í ytra umhverfi. Skortur á þorskafurðum frá Íslandi hafði neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu þriðja ársfjórðungs, sérstaklega á starfsemi okkar í S-Evrópu og á sölu og dreifingar einingu okkar. Við sáum góðan viðsnúning í virðisaukandi starfsemi í N-Evrópu á þriðja ársfjórðungi, þar sem ný viðskipti við smásöluaðila í Bretlandi höfðu jákvæð áhrif.

Sameining og samþætting starfsemi okkar á Spáni gengur vel. Starfsemin í Barcelona er nú sameinuð á einum stað og unnið er að því að koma allri framleiðslu á þorskafurðum okkar undir einn hatt í

verksmiðju okkar í Barcelona. Þessi skref eru mjög mikilvæg til að ná fram væntum samlegðaráhrifum, en við áætluðum þau á bilinu €3,0 til 3,5 milljónir evra og gert er ráð fyrir að þau verði að fullu komin fram fyrir árslok 2021. Til að ná fram samlegðaráhrifum mun falla til nokkur einskiptiskostnaður hjá félaginu á þessu og næsta ári.

Í lok október lukum við hlutfjárútboði og skráningu á aðalmarkað Nasdaq. Ferlið gekk mjög vel fyrir sig og mun styðja við áframhaldandi vöxt félagsins. Alls voru gefin út 225 milljónir nýrra hluta á verðinu 9,5 kr á hlut, sem skilaði €15,2m af nýju hlutafé. Við þetta hækkar eiginfjárlutfall félagsins uppí 39,5%. Um 90% útgefins hlutfjár var selt til fagfjárfesta á Íslandi, þar á meðal níu lífeyrissjóða. Eftir útgáfuna er gott jafnvægi í hluthafahópi félagsins, þ.e. á milli lykil framleiðenda og fagfjárfesta. Með útgáfunni komu 112 nýjir hluthafar inn í hluthafahópinn og var fjöldi hluthafa í félaginu um 440 í lok október. Markaðsvirði félagsins nam um 25.1ma króna í lok október, sem var það tólfta hæsta af skráðum félögum í Kauphöllinni.

Þann 13 nóvember var skrifað undir samning um kaup á öllu hlutafé Elba á Spáni. Elba hefur sterka stöðu þegar kemur að sölu og framleiðslu á léttsöltuðum afurðum fyrir Spánar markað, félagið rekur starfstöð í Barcelona og selur um 2200 tonn af afurðum á ári. Umsamið kaupverð er €4,4m (cash free, debt free) þar sem 50% kaupverðs er greitt með reiðufé en hin 50% með nýjum hlutum í Iceland Seafood. Elba styrkir stöðu okkar á S-Evrópu markaði enn frekar og gerir okkur kleyft að nýta okkar sölu og framleiðslu getu enn betur en í dag. Á sama tíma fáum við sterka framleiðendur í sölukerfi félagsins, þar sem núverandi eigendur Elba, GPG Seafood og IceMar munu eignast um 1.2% eignahlut í Iceland Seafood. Gert er ráð fyrir að kaupun verði að fullu frágengin í kringum áramót, en vinna við áreiðanleikakönnun stendur nú yfir. “